

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um fólk á flóttu og stuðning sveitarfélaga.

Frá Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur.

1. Hver er opinber stefna ráðuneytisins í þjónustu við fólk á flóttu?
2. Með hvaða hætti hafa stofnanir ríkisins óskað eftir samstarfi við sveitarfélög um móttöku fólks á flóttu og hvernig hafa viðbrögð sveitarfélaganna verið?
3. Kemur til greina að sett verði lög að norrænni fyrirmynd til að fleiri sveitarfélög taki á móti fólki á flóttu?
4. Hvenær gerir ráðherra ráð fyrir því að búið verði að fjölga sveitarfélögum sem eru með samning um þjónustu við fólk á flóttu?
5. Liggur fyrir aðgerðaáætlun hjá ráðuneytinu er varðar stuðning til sveitarfélaga sem taka á móti fólki á flóttu? Ef hún er ekki þegar til, hvenær má áætla að von sé á slíkri áætlun?

Skriflegt svar óskast.